



Virðing, vilji, vöxtur, vinátta

Vinnuferli þegar upp kemur grunur um einelti

Starfsmaður skólans skráir tilkynninguna á þar til gert eyðublað og skilar til umsjónarmanns eineltisteymis. Eineltisteymi fer yfir allar tilkynningar.

Nemandi/foreldri tilkynnir starfsmanni skólans um einelti.

Umsjónarkennari notar gátlista við úrvinnslu vegna tilkynningar um grun um einelti.

Gátlisti

- Ræðir við þolanda.
- Ræðir við meinta gerendur.
- Leitar upplýsinga hjá starfsfólki skólans.
- Leitar upplýsinga hjá öðrum nemendum.
- Ræðir við foreldra þolanda.
- Ræðir við foreldra meints geranda.
- Tengslakönnun lögð fyrir bekkinn.
- Eineltiskönnun lögð fyrir bekkinn.

Ef um einelti er að ræða fer eftirfarandi ferli í gang.

Umsjónarkennari hefur samband við alla starfsmenn sem tengjast þolanda og geranda þ.e. alla kennara sem kenna bóklegar greinar og verklegar greinar svo og íþróttakennara, stuðningsfulltrúa, skólaliða, starfsfólk í matsal, á bókasafni og í félagsmiðstöðinni til þess að láta það vita og óska eftir því að fylgst verði með viðkomandi aðilum.

- Einstaklingsviðtöl við þolendur þar sem þeir fá stuðning og tryggt er að þeir láti vita ef eineltið heldur áfram.
- Alvarleg einstaklingsviðtöl við gerendur þar sem skilyrðislaust er farið fram á að þeir hætti eineltinu.
- Ráðstafanir skipulagðar með foreldrum þolanda og geranda.
- Bekkjafundir um einelti og samskipti.
- Eftirfylgni þar sem rætt er reglulega við þolendur, gerendur og foreldra.

Umsjónarmaður og eineltisteymi í Grunnskólanum í Sandgerði

Umsjónarmaður, deildastjóri, skólastjóri og almennur starfsmaður funda reglulega, halda utan um tilkynningar og fylgjast með framvindu mála. Þeir veita ráðgjöf og stuðning við úrlausn eineltismála á öllum stigum þeirra.

Umsjónarmaður er: Fríða Stefánsdóttir
Deildarstjóri: Lóa Björg Gestsdóttir

Ef einelti hættir ekki þá er málinu vísað til nemendaverndarráðs.